

Málsýnataka

Gagnabanki Jóhönnu T. Einarsdóttur

um Málsýni (GJEUM)

HANDBÓK

Jóhanna Thelma Einarsdóttir og Þóra Sæunn Úlfsdóttir (2018).

Efnisyfirlit

Inngangur

Í nútímapjódðfélagi er lykilatriði að geta orðað hugsanir og komið þeim skipulega frá sér, tjáð þarfir og langanir þannig að aðrir skilji við hvað er átt. Máltjáning bæði barna og unglunga er oft athuguð með því að skoða stutt sýnishorn af því hvernig þau tala og tjá sig við aðra. Það er kallað að taka málsýni (*e. language sample; speech sample*). Málsýni gefa mynd af máltjáningu einstaklinga eins og hún er á þeim tíma þegar málsýnið er tekið. Málsýni og greining þeirra er þekkt aðferð við að athuga og rannsaka máltöku barna en málsýni eru einnig notuð í klínískri vinnu með börn sem sýna frávík í málþroska.

Málsýni eru mikilvæg í greiningu barna með málþroskafrávík og eru notuð samhliða stöðluðum prófum. Stundum talað um að málsýni sé í raun gullinn staðall (*e. gold standard*) við greiningu á máltjáningu barna (Tager-Flusberg og Cooper, 1999). Þekking okkar á máltöku barna byggir að miklu leiti á rannsóknum þar sem málsýni barna hafa verið lögð til grundvallar (sjá t.d. Brown, 1973; Owens, 2004; Slobin, 1967). Nokkrar rannsóknir hafa verið gerðar á máltöku íslenskra barna með því að skoða málsýni (sjá Álfhildur Þorsteinsdóttir, 2011; Hrafnhildur Ragnarsdóttir, 2004; Jóhanna T. Einarsdóttir og Álfhildur Þorsteinsdóttir, 2015; Logi Pálsson, 2017; Ragnheiður Bjarnadóttir, 2014; Thordardóttir, 2008; Thordardóttir og Weismer, 1998).

Málsýni hafa lengi gengt lykilhlutverki í athugunum á máltöku barna. Áður en upptökutæki komu til sögunnar og urðu almenningseign skrifuðu rannsakendur eða foreldrar niður orð og setningar eða héldu dagbækur yfir máltöku barna sinna. Mikil gróska varð í athugunum á málþroska barna þegar farið var að taka upp tal barna fyrst hljóðupptökur og síðan bæði hljóð og mynd. Í fyrstu var verið að skoða hvernig börn lærðu orð og hljóð en síðar hvernig þeim tókst að læra málfræði og setningar. Það var svo ekki fyrr en upp úr 1980 að málsýni voru notuð á skipulagðan hátt til að skoða stöðu málþroska einstakra barna og meta framfarir til lengri tíma.

Með því að taka málsýni er átt við að athuga máltjáningu barnsins við eðlilegar aðstæður og skoða nákvæmlega það sem barnið segir, hvaða orð og setningarnar það notar. Málsýni eru oftast tekin í aðstæðum sem börnin þekkja til dæmis þegar þau eru að tala við fjölskyldu, vini eða ættingja. Nokkrar mismunandi gerðir málsýna eru til þær helstu eru sjálfsprottið tal í samtali (*spontaneous speech sample*), frásagnir (*narratives*) eða útskýringar (*expository*) (Paul og

Norbury, 2012). Samtöl eru algengasta aðferðin við að taka málsýni hjá yngri börnum en eldri börn eru oft beðin um útskýra til dæmis tölvuleik eða reglur í íþróttum. Samtöl við leikskólabörn fara oft fram í leik og oft er skoðað dæmigert sjálfsprottið tal barnsins. Eldri börn eru frekar beðin um að segja frá, lýsa atburðarás, segja sögu eða segja frá einhverju sem þau þekkja vel. Málsýni eru tekin upp á myndbönd eða hljóðbönd en málsýni sem eru tekin á myndbönd gefa ítarlegri mynd af máltjáningu barna en hljóðbönd. Hægt er að skoða flesta þætti máltökunnar eins og hljóðfræði, merkingarfræði, orðmyndunarfræði, setningafræði og málnotkun með þessari aðferð. Ennfremur fást tölulegar upplýsingar með málsýnum s.s. meðallengd segða í hverju málsýni, hlutfall aðal- og aukasetninga í setningum, fjölda orða í aðalsetningum, heildarfjöldi orða, fjöldi orða í setningum, hlutfall samtenginga eða forsetninga í setningum, o. fl. Einnig er hægt að skoða hversu hiklaust barnið tjáir sig t.d. hve lengi það er að finna orð. Málsýni gefa góða mynd af málfræðivillum sem börn gera og bæði fjölda þeirra og gerð. Þegar gögnum hefur verið safnað frá mörgum börnum er t.d. hægt að bera saman málþroska barna á mismunandi aldri, skoða frammistöðu barns miðað við jafnaldra, bera saman málþroska barna með seinkunn eða frávik við málþroska jafnaldra og bera saman máltöku barna sem tala ólík tungumál.

Gagnabankinn

Gagnabanki Jóhönnu T. Einarsdóttur um málsýni (GJEUM) hefur verið í þróun og vinnslu í fimm ár Verkefnið hefur verið unnið með styrk frá Rannsóknarsjóði Háskólans 2010, 2011, 2013 2014 og 2015. Verkefnið er tvíþætt annars vegar er gagnabankinn hugsaður til að skoða og rannsaka barnamál og máltöku barna sem læra íslensku eingöngu og hins vegar til að meta málþroska barna út frá meðalgetu jafnaldra. Strax árið 2010 var skrifuð handbók um töku málsýna og mótaðar reglur um samræmda afritun en hún hefur verið endurskoðuð nokkrum sinnum (Þóra Sæunn Úlfsdóttir og Jóhanna Einarsdóttir, 2010). Stuðst var við erlendar fyrirmyndir um afritun og skráningu. Farið var eftir leiðbeiningum sem koma fram í CHILDES (MacWhinney, 2009) en einnig var miðað við afritunarreglur sem komu fram í SALT gagnabankanum (Miller og Chapman, 1993). Mjög svipaðar hugmyndir koma fram í þessum leiðbeiningum varðandi skiptingu í segðir en einstaka afritunarreglur eru mismunandi. Við vinnslu og afritun málsýnanna komu upp ótal álitamál og það var ekki fyrr en um sumar 2014 að endanleg gerð afritunarreglna og handbókar lá fyrir og sumarið 2015 komu nokkrar viðbætur til að skýra nokkur álitamál þegar meistaranemarnir Ása Einarsdóttir og Rósa Hauksdóttir fóru var

yfir alla afritun og samræmdu hana. Haustið 2016 fór svo Anna Lís Pétursdóttir, meistaranemi í talmeinafræði ítarlega yfir öll málsýnin og í ársbyrjun 2017 fór Ragnhildur Gunnarsdóttir yfir sýnin og samræmdi.

Verkefnið þróaðist út frá nemendaverkefnum í námskeiði á Menntavísindasviði þar sem nemar tóku málsýni af börnum sem þeir þekktu til og könnuðu málþekkingu þeirra. Í upphafi var ætlunin að byggja upp gagnagrunn með nemendaverkefnum og safna saman nemasýnum úr námskeiðum á Mennta- og Heilbrigðisvísindasviði og nota þau til rannsókna á barnamáli og til að finna aldursbundin viðmið. Nemasýnin urðu hins vegar ekki það mörg að unnt væri að búa til nothæf viðmið fyrir leikskólaaldurinn. Þau voru þess utan flest af börnum háskólanema og endurspegluðu því varla dæmigert þýði barna á þessum aldri. Þrátt fyrir þessa vankanta eru í gagnabankanum um 50 nemasýni af börnum á aldrinum 2-6 ára. Nemasýnin þjónuðu mikilvægum tilgangi í upphafi til að ákvarða verkefnið og hafa auk þess verið notuð í kennslu í námskeiðum um máltöku barna og málörvun þeirra. Auk nemasýnanna hafa verið tekin svokölluð úrtakssýni. Ákveðið var að safna málsýnum af dæmigerðu þýði með því að fara í leikskóla og taka málsýni af öllum börnum á ákveðnum aldursbilum að fengnu leyfi foreldra og leikskólayfirvalda. Söfnun málsýna í gagnabankann af dæmigerðu þýði hófst sumarið 2011 og því var haldið áfram 2012 og 2013. Málsýnin voru afrituð og afritunin margyfirfarin. Árið 2014 var auk þess safnað málsýnum skólabarna á aldrinum 6,6 til 8 ára en þá var tekið úrtak úr þjóðskrá. Málsýnin koma því úr þremur áttum, í fyrsta lagi eru það nemasýni, í öðru lagi úrtakssýni úr leikskólum og í þriðja lagi eru úrtakssýni úr þjóðskrá.

Alls eru núna (2017) málsýni frá 354 börnum en sum sýnin voru svo löng að þeim var skipt niður. Um er að ræða 450 sýni með samtölum við börn en auk þess um 70 sýni þar sem börn eru að segja frá froskasögunni. Málsýni leikskólabarnanna voru tekin upp í níu mismunandi leikskólum á aldrinum 2,6 til 6,6 ára. Úrtaksýnin úr þjóðskrá voru tekin upp í rannsóknarherbergi í Háskóla Íslands. Flest málsýnin voru tekin upp á myndbönd en það var nauðsynlegt til að tryggja gæði afritunarinnar. Afritari þarf t.d. að sjá hvaða hlut börnin eru að handleika til að geta ákvarðað hvort þau noti rétt kyn eða beygingar. Myndböndin eru geymd á öruggum stað á sérstökum flakkara og ekki aðgengileg nema að upp komi vafaatriði vegna afritunar. Afritun málsýnanna er án nafns og persónugreinanlegra upplýsinga. Afritun flestra málsýnanna er bundin við fyrstu 50 segðir barnsins. Fjölmarginir hafa komið að vinnu við gagnabankann. Þar ber að

þakka eftirtöldum nemum sem unnu beint við söfnun gagna og afritun; Söru Hauksdóttur, Ester Sighvatsdóttur, Ingunni Baldursdóttur, Þorgerði Maríu Halldórsdóttur, Álfheiði Þorsteinsdóttur, Margréti Samúelsdóttur, Ragnheiði Dagnýju Bjarnadóttur, Björgu Ólafsdóttur, Silju Jóhannsdóttur, Hlyni Davíð Hlynssyni, Ásu Einarsdóttur, Rósu Hauksdóttur og Önnu Lísu Pétursdóttur og sem öll hafa lagt sitt af mörkum við að skapa gagnagrunninn. Við viljum jafnframt þakka öllum þeim nemendum, börnum og aðstandendum þeirra sem tóku þátt í þessu verkefni, fyrir sitt framlag.

Sækja verður um aðgang að gagnabankanum til dr. Jöhönnu Einarsdóttur á netfangið jeinars@hi.is. Í umsókninni þarf að gera grein fyrir til hvers á að nota aðganginn að málsýnunum og undirrita trúnaðaryfirlýsingu. Jafnframt **verður** að geta gagnabankans í skrifum og vitna rétt í hann .

Þegar gagnabankinn er notaður í rannsóknum skal vitna í hann á eftirfarandi hátt:

Jóhanna Thelma Einarsdóttir (2016). Gagnabanki Jöhönnu Einarsdóttur um málsýni (GJEUM). Rafræn gögn. Jóhanna Thelma Einarsdóttir.

Tilvitnun í handbókina á að vera eftirfarandi.

Jóhanna Thelma Einarsdóttir og Þóra Sæunn Úlfisdóttir (2018). Handbók um málsýni íslenskra barna – Gagnabanki.

Að taka málsýni

Málsýnið á að endurspegla dæmigerða máltjáningu barns. Þetta þýðir að sýnið sem tekið er á að vera eins og barnið talar venjulega við svipaðar aðstæður. Það reynir því talsvert á hæfileika og reynslu þess sem tekur málsýnið hversu vel tekst til. Málsýni barna á leikskólaaldri eru yfirleitt tekin með því að barn og fullorðin spjalla saman en einnig þegar börn leika sér og tjá sig sjálfsprottið í leik. Ef málsýnið er tekið í samtali þá þarf að skapa réttar aðstæður þannig að barnið hafi þörf og löngun til að tjá sig. Í raun er hægt að taka málsýni bæði heima, í heimsókn hjá talmeinafræðingi eða í skólanum. Lykilatriði er að barninu líði vel og sé ekki feimið þannig að auðvelt sé að laða fram sjálfsprottið tal sem gefur dæmigerða mynd af málkunnáttu þess. Hér verður farið í helstu atriði sem þarf að hafa í huga við töku málsýna. Fjallað er um mismunandi gerðir málsýna, lengd þeirra og myndbandsupptökuna. Þá er farið yfir nokkur mikilvæg atriði sem þarf að hafa í huga þegar málsýni er tekið.

Gerð málsýna

Málsýni eru upptökur af sjálfsprottu tali barns, í samtali eða við leik, við frásagnir á sögum, að útskýra eða að reyna að fá viðmælandann á sitt band (Nippold, 2014). Talmeinafræðingar hafa oftast skoðað máltjáningu barnsins í samtali við foreldra eða það sem barnið segir í athugun talmeinafræðings. Máltjáningin eða málsýnið er síðan greint til að skoða færni barnsins í málfræði og setninganotkun, og einnig málnotkun almennt (Paul og Norbury, 2012). Markmiðið er að málsýnið endurspegli orðaforða, setningagerðir og málfræðinotkun barnsins. Sá sem tekur sýnið á að tala eins lítið og hægt er.

Samtöl – sjálfsprottið tal

Nokkrum aðferðum er beitt til að laða fram sjálfsprottið tal barns. Aldur barnsins ræður töluverðu um það hvaða aðferð er notuð. Hjá ungum börnum (1-3 ára) er best að tala um það sem barnið er að fást við hverju sinni, ræða um leikföngin eða athafnir þess. Aðalatriðið er að nota leikföng sem vekja áhuga barnsins og löngun til að tjá sig. Hægt er að leita ráða hjá foreldrum um hvert sé uppáhaldsleikfang barnsins. Oft eru notuð leikföng eins og boltar, dúkkur, bollastell, dýr og bílar. Þekktar sögupersónur eins og *Dóra*, *Stubbarnir* og *Bubbi byggir* örva máltjáningu yngstu barnanna. Þegar málsýnum er safnað meðal eldri barna (2;6 – 4;6 ára) má velja leikföng sem hvetja til ímyndunarleikja eins og t.d. dúkkuhús. Eldri börn (4;6 – 6;0) hafa einnig áhuga á

þekktum sögupersónum s.s. *Íþróttarálfnum* og *Línu langsökk*. Það verður auðveldara eftir því sem börnin eru eldri að nota bækur til að kalla fram sjálfsprottið tal. Önnur leið til að taka málsýni er að spjalla við barnið um eitthvað sem því þykir áhugavert t.d. um atburði í lífi barnsins eða líðandi stund. Þessi aðferð hentar betur eldri börnum því það getur verið erfitt að fá lítil börn til að tjá sig um liðna atburði. Foreldrar geta gefið upplýsingar sem koma að gagni við að fá barnið til að tjá sig til dæmis um skemmtilega liðna eða komandi atburði í lífi barnsins til að hafa umræðuefni til að ræða um.

Frásögn eða endursögn sögu

Eftir því sem börnin eldast (frá 4-5 ára aldri) aukast möguleikarnir á að taka fjölbreyttari málsýni. Ein leið til að fá barnið til að segja frá í samfelldu máli er að biðja það að segja frá bíómynd sem það sá, segja frá bók sem var lesin fyrir það eða það las sjálft, endursegja atburðarás í sjónvarpsþætti o.fl. Yngri börn geta endursagt sögu sem þau þekkja vel, s.s. Gullbrá og birnina þrjá, Rauðhettu eða Grísina þrjá. Ágætt er að spyrja hvort barnið þekki söguna og biðja það svo um að segja hana. Við endursögn á sögu nota börn flóknari setningar og fjölbreyttari orðaforða en í daglegu tali (Heilmann, Nockerts og Miller, 2010; Hrafnhildur Ragnarsdóttir, 2007; Thordardóttir, 2008) .

Froskasagan „Frog, Where are You?“ eftir Mercer Mayer (1969) hefur verið notuð til að rannsaka frásagnir barna víða um heim. Töluverðar upplýsingar eru til um hvernig íslensk börn segja froskasöguna. Hrafnhildur Ragnarsdóttir notaði söguna meðal annars þegar hún rannsakaði frásagnir 165 fimm ára íslenskra barna (Hrafnhildur Ragnarsdóttir, 2004). Froskasagan er myndasaga án orða sem er samsett úr 24 myndum. Á heimasíðu SALT (Systematic Analyses of Language Transcript) forritsins er lagt til að þegar biðja á barn um að endursegja sögu byrji viðmælandinn á því að fletta myndabókinni með barninu og fara lauslega yfir söguna. Síðan fær barnið bókina og á að endursegja söguna með hjálp myndanna (SALT Software, 2010b). Í SALT gagnasafninu (SALT Software, 2010a) er froskasagan notuð fyrir börn sex ára og yngri. Eldri börn endursegja aðrar sögur, en gott er að nota sömu aðferð þ.e. að viðmælandinn og barnið skoði söguna fyrst saman áður en barnið segir söguna. Málsýni barna 5-10 ára eru oft frásagnir eða barnið segir frá myndasögum eða heimsókn til tannlæknis.

Útskýringar eða álitsgerðir

Eldri börn (5 ára og eldri) eru oft beðin um að útskýra eitthvað eða gefa álit sitt á einhverju málefni þegar verið er að laða fram sjálfsprottið tal þeirra. Skýringar og álitsgerðir reyna meira á málþekkingu fólks, því notaður er sérhæfðari orðaforði, flóknari setningagerð og fjölbreyttari málfræði en í frásögnum. Eldri þátttakendur í rannsóknum eru oft beðnir um að skýra eða gefa álit sitt bæði munnlega og skriflega. Þá er hægt að bera saman sjálfssprottið tal og ritaðan texta. Sem dæmi er hægt að biðja viðkomandi að útskýra íþróttaleik, tölvuleik eða kvikmynd að eigin vali. Hægt er að spyrja barnið hvort það æfi einhverja íþrótt eða spili ákveðna tölvuleiki og biðja það síðan að útskýra reglurnar í leiknum, t.d. hvað maður þarf að gera til að vinna leikinn og hvaða búnað þarf til að taka þátt í íþróttinni eða tölvuleiknum. Á heimasíðu málvinnsluforritsins SALT eru frekari leiðbeiningar um hvernig best er að safna álitsgerðum (Expository text) um íþróttaleiki (SALT Software, 2010b). Áður en barnið byrjar að segja frá fær það óútfyllt minnisblað með atriðum tengdum íþróttaleikjum þar sem það getur skrifað hjá sér minnisatriði. Eftir stuttan undirbúning útskýra ungmennin íþróttina sem þau velja sér og frásögn þeirra er tekin upp. Lýsingin miðar við ungmenni á aldrinum 12-16 ára en hægt er að nota þessa aðferð með mun yngri börnum. Nippold (2014) gerir einnig grein fyrir fjórðu tegund málsýna sem er notað með eldri börnum en það er að sannfæra einhvern og færa rök fyrir eigin skoðunum.

Sýnin í þessum gagnabanka voru tekin af börnum á leikskólaaldri og lögð áhersla á að safna sýnum með samtölum og skoða sjálfsprottið tal barna í samtali eða leik.

Lengd málsýna

Yfirleitt er miðað við 5 til 10 mínútna upptöku þegar málsýni eru tekin eða að barnið tjái sig frá eigin brjósti í 50- 150 segðum. Talmeinafræðingar nota í vaxandi mæli stutt málsýni og miða þá við 50 segða sýni. Stutt málsýni eða 50 segða sýni er talið gefa um það bil 80% af þeim upplýsingum sem koma fram í lengra málsýni (Owens, 2009; Paul og Norbury, 2012). Heilmann Norckert og Miller (2010) skoðuðu nokkra þætti í málsýnum af mismunandi lengd, þar á meðal Meðallengd segða (MLS), Fjöldi mismunandi orða (FMO), Heildarfjöldi orða (HFO) og komust að því að mælieiningar þessara þátta voru að meðaltali svipaðir í 1, 3, og 7 mínútna sýnum. Hins vegar gaf 1 mín. málsýni ekki eins góðar upplýsingar varðandi þætti eins og alhæfingar. Það er oftast nóg að taka 10 mín sýni til að fá 50 segðir af sjálfsprottinu tali barns en hjá málglöðu barni er hægt að notast við styttra málsýni.

Upptakan

Best er að taka málsýnið upp á mynd því þá er bæði hægt að hlusta og horfa á barnið við úrvinnslu málsýnisins. Myndin sýnir auk þess óyrta tjáningu barnsins, svipbrigði bendingar, hik og hegðun sem fylgir talinu. Miklar framfarir hafa orðið í þróun símtækja á síðustu árum og í flestum nýjum símum eru bæði mynd og hljóðgæði eru til fyrirmyndar. Auk þess eru símar hluti af daglegu lífi barna og hafa því ekki eins truflandi áhrif eins og stór myndavél. Samt er að hafa í huga að hljóð- og myndgæði þurfa að vera góð þannig að svipbrigði barnsins sjáist vel og að tal barnsins heyrist greinilega. Þegar teknar eru myndir af börnum er best að síminn/tækið sé stillt í augnhæð barnsins en slíkt tökuhorn gefur góða mynd af svipbrigðum barnsins. Huga þarf vel að birtunni við töku á málsýni. Ekki er gott að láta tækið snúa að miklu ljósi eða birtu. Hætt er við að andlit barnsins sé í skugga ef það situr t.d undir glugga. Þá þarf að koma í veg fyrir mikinn bakgrunnshávaða og forðast hávaðasöm leikföng. Lítil börn hreyfa sig mikið við leik og tjáningu. Það getur verið erfitt að fylgja barni eftir með myndavél ef það er á stöðugri hreyfingu. Best er að barnið sé þannig staðsett að það sjáist vel og hreyfi sig ekki mikið. Ef hægt er að koma því við er gott að láta barnið sitja við borð með viðmælandann sér við hlið og tækið staðsett fyrir framan það. Skoða þarf hvernig hægt er að koma því þannig fyrir að barnið hætti að taka eftir tækinu og líti á það sem eðlilegan hlut í umhverfinu. Til að beina ekki athygli barnsins að tækinu er gott að hafa það skorðað, stöðugt í gangi og einungis að stilla það eða færa til ef nauðsyn krefur.

Þegar búið er að hlaða myndinni inn á tölvuna þarf að vista hana sérstaklega áður en það er afritað.

Nokkur atriði við töku málsýnis.

Málsýnið á að endurspegla raunverulega getu barnsins og málþekkingu þess. Það getur verið nokkur kúnt að fá barnið til að sýna það sem það raunverulega kann og reynir töluvert á þann sem tekur málsýnið. Best er að æfa sig og gefa sér tíma til að spjalla við barnið áður en upptakan hefst. Það skiptir máli að sýna hlýlegt og hvetjandi viðmót. Einnig er gott að ná *augnsambandi* við barnið og nota viðeigandi tónhæð. Barnið þarf að finna að viðmælandinn hafi *áhuga* á því sem það er að segja og að hann trúir á getu þess til að tala og segja frá. Einnig er nauðsynlegt að

reyna að skapa afslappað andrúmsloft þar sem gleði og ánægja ríkir. Barnið á að *leiða samtalið* en ef það rekur í vörðurnar er hægt að hvetja það áfram (sjá listann hér fyrir neðan). Áhugi barnsins á umræðuefninu er hafður að leiðarljósi í gegn um samtalið, það er hvatt áfram með því að spyrja opinna spurninga, gefa því tíma til að tjá sig og aðlaga samskiptin að þeim hraða sem það tjáir sig á. Gott er að reyna að halda beinum spurningum í lágmarki. Ef barnið þegir og segir ekkert getur verið að það sé að hugsa sig um hvernig það á að orða hugsun sína eða hvað það ætlar að segja næst. Það er nauðsynlegt að gefa barninu góðan tíma til að tjá sig, *þagnir* eru hluti af máltjáningu og eru ekkert til að óttast. Forðist að skipta oft um umræðuefni. Það er ekki viðmælandans að ákveða um hvað umræðurnar eiga að vera. Samtalið verður mun áhugaverðara og skemmtilegra ef barnið leiðir það og fær að tala um það sem því er hugleikið. Þá er líklegra að það noti flóknara mál, heldur en ef það svarar spurningum. Ef þagnir myndast getur viðmælandi stungið upp á efni til að tala um. Gott ráð til að hvetja barnið til að tala er að endurtaka setninguna sem barnið var að ljúka við. Þá reynir barnið að bæta við það sem það var að segja. Ef notaðar eru opnar spurningar eru meiri líkur á að barnið tjái sig í setningahlutum eða heilum setningum heldur en þegar lokaðar spurningar eru notaðar, t.d. hvað gerðist... , hvernig gera/gerðu..., hvers vegna gerir/gerði...? Einnig má nota spurningar sem krefjast þess að barnið skipulagi frásögnina s.s. hvernig er venjulegur dagur hjá þér? eða hvað eru börnin á myndinni að hugsa um að gera? (Owens, 2009).

Nauðsynlegt er að forðast að líta á samtalið sem viðtal, sömuleiðis að nota beinar spurningar (já/nei) eða að veita of miklar upplýsingar því það getur haft áhrif á hversu flókið mál barnið notar. Ef umræðuefnið er annað hvort of erfitt eða of létt er hætt á að barnið sýni ekki raunverulega getu sína til að tjá sig. Mikilvægt er að forðast að yfirheyra barnið, sleppa spurningum sem leiða að ákveðnum svörum og spyrja ekki margra spurninga þar sem barnið veit að viðmælandinn veit svarið. Sá sem tekur málsýnið má ekki yfirgnæfa samtalið með því að tala of mikið, markmið málsýnisins er að laða fram tal barnsins svo hægt sé að athuga hvernig barnið notar málið (Owens, 2009; SALT Software, 2010b). Í viðræðum við börn er gott að nota stuttar einfaldar setningar.

Þegar barn endursegir sögu er áhrifamest að færa sig aðeins frá barninu svo auðvelt sé að ná augnsambandi við það. Barnið stjórnar sjálft hvenær það flettir blaðsíðunum en gott er að aðstoða það ef þess gerist þörf eða ef það flettir yfir margar blaðsíður í einu. Að flytja sig örlítið

frá barninu hvetur það til að nota tungumálið, dregur úr bendingum og stuðlar að því að það nefni orð til að lýsa hlutum og athöfnum.

Eftirfarandi hvatningarorð er gott að hafa í huga, jafnvel úrprentuð á blaði, á meðan á upptöku stendur. Athugandinn getur notað fjölbreytta hvatningu sem henta aðstæðum hverju sinni.

HVATNINGARORÐ

- ~ Segðu mér meira,
- ~ Segðu mér frá
honum/henni/því/þessu
- ~ Ég vil heyra meira um þetta...
- ~ Þetta hljómar spennandi...
- ~ Hvað gerðist svo...
- ~ Haltu áfram.
- ~ Reyndu bara að gera þitt besta.
- ~ Þetta er glæsilegt hjá þér
- ~ Segðu mér allt sem þú getur
- ~ Já, þetta er mjög áhugavert.
- ~ Uhu
- ~ Umm

HVATNING ÁN ORÐA

- ~ Bros eða augnsamband.
- ~ Kinka kolli til að gefa til kynna
samþykki

Afritun málsýnis

Þegar búið er að taka málsýnið er hafist handa við að afrita það. Byrjað er að skrá aldur barnsins og kyn. Á netinu er hægt að finna nokkur forrit sem reikna út aldur t.d.

<http://www.calculator.net/age-calculator.html>. Síðan er skráður dagurinn sem málsýnið var tekið.

Málsýni sem var tekið 21.febrúar 2018 er skráð á eftirfarandi hátt 21.2.18.

Dæmi:

Aldur: 3;8:0

Kyn: Stúlka

Dagsetning: 21.2.2018

Afritun málsýna felst í því að skrá tal bæði barnsins og viðmælanda nákvæmlega niður frá orði til orðs. Við afritun þarf að fara nokkrum sinnum yfir sýnið til að skrifa það nákvæmlega niður. Best er að byrja á að horfa/hlusta á sýnið og skrifa allt niður í belg og biðu. Síðan þarf að fara aftur yfir sýnið og bæta við því sem ekki náðist í fyrstu umferð. Í þriðju yfirferð, ef þörf er á henni, eru gerðar lagfæringar á textanum. Stundum þarf að hlusta aftur og aftur á málsýnið til að átta sig á hvað barnið er að segja. Samt sem áður er gott að hafa til viðmiðunar að hlusta ekki oftar en **fimm** sinnum á sama orðið. Ólíklegt er að hægt sé að átta sig á hvað barnið segir ef afritarinn heyrir það ekki eftir svo margar endurtekningar. Afritunin þarf að vera nákvæm því málsýnið verður nú að ritaðri heimild um samskipti viðmælendanna. Málsýnið á að skrá orðrétt með „málfræðivillum“ en rangur framburður er ekki skráður sérstaklega. Gæta þarf að því að verið er að vinna með orð og setningar en ekki hvernig orðin eru borin fram eða sögð.

Skráning segða

Málsýni er skráð niður eftir segðum. Það er mikilvægt að huga að því hvernig segðir eru skráðar en það getur verið nokkuð flókið og oft dúkka upp vafamál þegar verið er að skipta í segðir.

Almenna reglan er sú að ein setning er ein segð. Skipt er einnig í segðir ef breytt er um tónhæð, hikað í meira en 2 sekúndur og / eða draga andann sem gefur til kynna nýja hugsun hjá þeim sem tjáir sig. Í Handbók um málfræði er segð skilgreind sem „allt sem sagt er í einu lagi, hvort sem um er að ræða heilar málsgreinar eða setningabrot. Segð getur verið heil málsgrein, heil setning

og eitt orð, t.d. sem svar við spurningu“. Segð getur haft margvísleg hlutverk t.d. verið beiðni eða spurning (Höskuldur Þráinsson, 1995, bls 135).

Segðum barnsins skal skipta niður eftir ákveðnum reglum sem er útlistað hér að neðan. Ekki er þörf á að skipta segðum viðmælandans á sama hátt nema ætlunin sé að skoða þær sérstaklega. Í gagnabankanum er máltjáning viðmælanda ekki skipt niður eftir segðum en segðum barnsins er skipt niður og stuðst við eftirfarandi reglur.

Ákvörðun um hvernig á að skrá segðir er tekin með eftirfarandi í huga:

1. Hlustið á hljómfall, ítónun (hækkandi og lækkandi) og látið það hjálpa til við að ákvarða upphaf og endi segðar.
2. Algengt er að málnotendur geri hlé á tali sínu. Almennu eru hlé sem eru lengri en 2 sekúndur talin skipta segðum.
3. Það getur verið eðlilegt að lengra hlé komi fyrir í segðinni sem eðlilegur hluti af ítónun en er ekki hluti af segð. Slíkt er samt ekki skráð sérstaklega.

Dæmi:

Ég sá (:3) boltann út á götu.

Skráðið á eftirfarandi hátt:

B Ég sá boltann út á götu.

4. Skipting í segðir byggir á réttri málfræðilegri notkun málsins.

Dæmi:

Þetta er nýja barnið mitt

Skráðið á eftirfarandi hátt:

B Þetta er nýja barnið mitt

5. Framhalds-setningar (e. run-on sentences) er það kallað þegar margar aðalsetningar eru tengdar saman með aðaltengingum til dæmis eins og: *og, en, eða, heldur, enda*. Þegar segðir eru skráðar er aðeins leyfð ein aðaltenging í **segð** (það eru tvær aðalsetningar tengdar saman með aðaltengingu). Önnur aðaltengingin er merkt sérskaklega í hornklofa. Þessi aðaltenging er skráð með næstu segð á eftir. Hér eru nokkur dæmi þessu til skýringar. Þau eru fengin frá leikskólabörnum og eru að finna í gagnabanka um málsýni.

Dæmi:

Við förum í bíó og ég sá skemmtilega mynd og það var rosalega gaman.

Skráðið á eftirfarandi hátt:

B Við förum í bíó og ég sá skemmtilega mynd.

B [og] það var rosalega gaman.

Dæmi:

Við förum á klósettið eða setjumst á bekkinn og svo fara að klæða okkur og út að leika.

Skráðið á eftirfarandi hátt:

B Við förum á klósettið eða setjumst á bekkinn.

B [og] svo fara að klæða okkur og út að leika.

Dæmi:

Það er vatn sem er bara svona hringur og það er ekki lítill hringur heldur er það stór hringur.

Skráðið á eftirfarandi hátt:

B Það er vatn sem er bara svona hringur og það er ekki lítill hringur.

B [heldur] er það stór hringur.

Dæmi:

Ég var að labba í stígvélunum og svo ætlaði ég að snúa við en þá datt ég.

Skráðið á eftirfarandi hátt:

B Ég var að labba í stígvélunum og svo ætlaði ég að snúa við.

B [en] þá datt ég.

Ef aðaltenging er hluti upptalningar á þessi regla ekki við.

Dæmi:

Hann er með bílinn hér og bílinn hér og bílinn hér

Skráðið á eftirfarandi hátt:

B Hann er með bílinn hér og bílinn hér og bílinn hér.

Dæmi:

Í frjálsum æfum við hástökk og spjót kast og langhlaup.

Skráðið á eftirfarandi hátt

B Í frjálsum æfum við hástökk og spjót kast og langhlaup.

Aðrar reglur um skráningu

1. Útúrdúrar (e. *maze*) geta verið margs konar t.d. að byrjað sé á setningu en hún ekki kláruð, hætt við setningu og byrjað aftur, leiðrétting í miðri setningu, endurtekningar,

hikorið og uppfyllingar. Útúrdúrar eru skráðir sérstaklega og merktir með hornklofa [] svo að eftir stendur aðeins sá hluti segðar sem er skýrastur svo sem best samhengi fáið í segðina.

Dæmi:

B [fórum við til, til, þú veist,] við ætluðum að fara í [æ, ge, nei sk, skí], skíðabrekkuna, en [við gátum] það snjóaði svo mikið.

Útúrdúrar eru **ekki taldir með sem orð** í segðum þannig að dæmið hér að ofan er ein segð með **11 orðum**.

2. **Ekki telja með segðum, en teljið sér og skráið sérstaklega**

- a. Endurtekningar atkvæða og orða (stam) og hökt,

Dæmi:

B [hann, hann], hann [er, er], er að hoppa .

Í þessu dæmi er ein segð með **fjórum orðum**.

- b. Upphrópanir, hikorið eða fylliorð s.s. hæ, hó, æ, uss, já, nei, sko, hérna.

Ef barnið hefur sagt segðina í belg og biðu án hiks á að skrá segðina eins og í dæminu hér að neðan. Þá er „ha“ talið með í segð.

Dæmi

ha, er það satt?

Skráið á eftirfarandi hátt

B ha, er það satt?

Ef barnið hefur sagt „ha“ og svo komið hlé á að skrá setninguna eins og í dæminu hér fyrir neðan. Orðið „ha“ er sett í hornklofa og telst útúrdúr og ekki talið með í segð.

Skráið á eftirfarandi hátt

B [ha] er það satt ?

3. **Óskiljanleg orð eða setningar**

Óskiljanleg orð eða setningahlutar eru skráðar með **XXX** sama hversu mörg atkvæði virðast vera í óskiljanlega hlutanum. Þau eru **EKKI** talin með sem orð eða segðir. Ath á eingöngu við segðir barns ekki viðmælanda.

4. Málfræðivillur

Málfræðivillur eiga að vera merktar með gæsalöppum. Sé um málfræðivillu í sambeygingu orða þá skal telja það sem eina villu.

Dæmi

Hann er „góðum manni“

5. Erlend orð

Erlend orð eiga að vera skráð með stórum stöfum

Dæmi

Superman, Batman, Lego, Barbie, Playmo, Cars, Pony. Einnig skal rita StarWars, HelloKitty og skyld orð í einu orði þar sem börnin kunna einungis samhengið, þ.e. þekkja þetta bara sem eitt orð.

6. Því er mikilvægt að passa upp á stafsetningarreglur, t.d. um samsett orð þar sem villur í afritun geta haft áhrif á talningu orða og fjölda mismunandi orða.

Dæmi

Út af því eru þrjú orð

Af hverju eru tvö orð

Alls konar eru tvö orð

Hvað fannstu skal ritað *Hvað fannst þú?*

Eins skal rita *soldið* og *dáldið* sem *svolítið* og *dálítið*

7. Ef framburður er ekki réttur þá skal samt stafsetja orðið rétt

Dæmi

Ég heiti *Þiggi* skal ritað Ég heiti Siggí

Þetta er *törvamaður* skal ritað þetta er töframaður

8. Einnig þarf að gæta **samræmis í orðum** sem geta haft **mismunandi ritunarhátt**

Dæmi

Okei, skrítið, möffins, pítsa o.f.

Skráningavenjur

B Segðir barns.

V Segðir viðmælanda.

[] Útúrdúrar (e. mazes).

XXX Óskiljanleg segð.

„“ Málfræðivillur

Þessi viðmið við afritun eru byggð á afritunarreglum SALT (SALT Software, 2010b) og CHILDES (MacWhinney, 2000). Dæmin eru úr Gagnabanka Jóhönnu Thelmu Einarsdóttur um málsyni (GJEUM) (Jóhanna Thelma Einarsdóttir, 2016).

Málgreinir

Hugbúnaðurinn Málgreinir (Jóhanna Thelma Einarsdóttir og Stefán Carl Peiser, 2016) sjá <http://malgreinir.herokuapp.com/>.

Hugbúnaðurinn tekur við skjölum á Word formi og reiknar út Heildarfjölda segða, meðallengd segða í lesmálsorðum, heildarfjölda lesmálsorða, fjölda mismunandi orðmynda, Fjölda óskiljanlegra svara, fjölda já/nei svara og hlutfall villna í málsýni.

Athugið Málgreinir telur á eftirfarandi hátt

B Ég fer í dag. (Heildarfjöldi orða 4 – Fjöldi mismunandi orða 4)

B Tveir í gamla leikskólanum mínum og Kjartan. (Heildarfjöldi orða 7 – Fjöldi mismunandi orða 7)

B Ég fer í flottum stígvélum í dag. (Heildarfjöldi orða 7 – Fjöldi mismunandi orða 6)

Hornklofar Orð innan hornklofa eru ekki talin með sem orð

Dæmi

[Mmm svo ég svo eg] Leikum. (Heildarfjöldi orða 1 – Fjöldi mismunandi orða 1)

Ég fór í þarna tækið sem að [sem þarna þarna þarna þarna] maður átti að stíga á [svona á þarna] ljós. (Heildarfjöldi orða 13 – Fjöldi mismunandi orða 12)

Gæsalappir

Gæsalappir tákna villur eins og áður hefur komið fram og eru þær nokkuð vandmeðfarnar. Orð innan gæsalappa eru talin sem sérstök orð.

Dæmi Eg á „heimir“

Málgreinir telur hér heildarfjöldi orða eru 3 og fjöldi mismunandi orða eru 3. Hlutfallslegur fjöldi villna er

Dæmi B Ég fer „heims“ í dag.

Málgreinir telur hér heildarfjöldi orða eru 5 og fjöldi mismunandi orða eru 5

Gæta þarf þess að skrá gæsalappir á réttan hátt og passa að setja ekki aukabil því annars koma villur í talningu forritsins. Ef aukabil er sett á undan eða eftir orðinu á undan seinni hluta gæsalappa telur forritið aukaorð. Orð innan gæsalappa eru talin sem sérstök orð og geta skekkt fjölda mismunandi orða.

Aukabil á undan

B Ég fer „ heims“ í dag.

Málgreinir telur hér heildarfjölda orða eru 6 og fjöldi mismunandi orða eru 6

Aukabil á eftir

B Ég fer „heims“ í dag.

Málgreinir telur hér heildarfjölda orða eru 6 og fjöldi mismunanda orða eru 6

Aukabil á undan og á eftir

B Ég fer „heims“ í dag.

Málgreinir telur hér heildarfjölda orða eru 7 og fjöldi mismunandi orða eru 7

Orð innan gæsalappa eru talin sem sérstök orð og geta skekkt fjölda mismunandi orða.

B Ég fer „í flottri stígvélann“ í dag.

Málgreinir telur hér heildarfjölda orða 7 og fjölda mismunandi orða einnig 7 þó að orðið *í* komi tvisvar fyrir en þar sem það kemur fyrir innan gæsalappa þá er það talið sérstaklega Hlutfall villna er hér 14% þar sem það sem er innan sömu gæsalappa er talið sem ein villa.

B Ég fer í „flottran stígvélunum“ í dag.

Málgreinir telur hér heildarfjölda orða 7 en fjölda mismunandi orða 6 þar sem *í* er haft utan gæsalappa. Hlutfall villna er hér 14% þar sem það sem er innan sömu gæsalappa er talið sem ein villa.

Athugið að:

Ef það er villa í setningu barnsins þannig að það vantar orð þá er „villuorðið“ talið með. Orðið sem vantar er haft inni í gæsalöppum.

Dæmi

B hann „úti.

Í þessari setningu eru tvö orð villulaus en villan felst í orðinu sem vantar sem er í þessu tilfelli er. Þess vegna eru í þessari setningu talin sem þrjú mismunandi orð en heildarfjöldi orða eru tvö

B Ég fer „“ í dag. Á sambærilegan hátt eru telur Málgreinir að hér séu 5 mismunandi orð en heildarfjöldi orða 4

Munið að aukabilin geta verið varasöm !!

B Ég fer „“ í dag. 6 mismunandi orð en heildarfjöldi orða 6

Hætta við í miðri frásögn

Ef barnið hættir við í miðri frásögn er það táknað með > og er ekki talið með sérstaklega

Dæmi

B Blátt er kassi og>

Málgreinir telur hér heildarfjölda orða eru 4 og fjöldi mismunandi orða eru 4

Óskiljanleg orð

Fjöldi óskiljanlegra orða er táknaður með XXX sama hversu mörg orð eða atkvæði eru í orðinu. Eitt XXX er talið sem eitt orð.

Dæmi

B Ég fer í flottum XXX í dag.

Málgreinir telur hér heildarfjölda orða eru 7 og fjöldi mismunandi orða eru 6 þar sem forsetningin í kemur tvisvar fyrir .

Úrvinnsla málsýnis

Þegar búið er að afrita málsýnið þarf að hefjast handa við að greina það og bera saman við önnur málsýni barna á svipuðum aldri. Gott er að renna yfir sýnið og sjá hvort barnið virðist eiga erfitt með að orða hugsanir sínar, sé lengi að finna orð og hugtök eða hvort það sé með mikla útúrdúra, hik, hökt eða hækjuorð. Einnig þarf að skoða málfræðivillur hvers eðlis þær eru og hver sé tíðni þeirra miðað við jafnaldra. Berið saman við meðaltöl – HFO-FMO og MLS og einnig villur. Hægt er að finna aldursbundin viðmið í eftirfarandi grein Jóhönnu og Álfhildar sjá <http://netla.hi.is/malsyni-leikskolabarna-aldursbundin-vidmid-2/>

Lokaorð

Í þessar handbók er lýst aðferðum við að taka málsýni barna á leikskólaaldri og hvernig málsýnin voru afrituð í gagnabankanum. Við athuganir á máli barna er mikilvægt að hafa aðgang að fjölbreyttum gögnum. Að safna málsýnum, og skrá þau nákvæmlega niður er vandasöm og tímafrek vinna. Sá sem tekur málsýnið þarf að aðlaga tal sitt að getu barnsins og leggja sig allan fram við að laða fram sjálfsprottið tal. Afritun málsýna er nákvæmnisverk sem tekur langan tíma. Það þarf að hlusta vel á það sem barnið og viðmælandinn segja og skrá það nákvæmlega. Oft þarf að hlusta aftur og aftur á sýnið til að vera viss um að það sé rétt skráð.

